

GRAS- OG  
TORFTEGUNDIR



Svona  
gerum  
við

## 1

## ÞÖKULAGNIR

**Lýsing:** 95% af því sem Túnþökuvinnslan þökuleggur er með þökurúllum. Þær geta verið mismunandi eftir notkunarþörf - frá því að vera smágert lágvaxið gras sem lítið þarf að slá upp í mun kröftugra gras og fótboltavallagras, og allt þar á milli. Það er að færast í aukana að reynt sé að halda í sjálfbær svæði sem þurfa litla eða enga umhirðu og gróðurfar þar getur verið feykilega fjölbreytilegt allt frá mosa og lyngi yfir í mýrastör.

Frá árinu 1993 höfum við verið útbúnir til að leggja þökurúllur við nánast hvaða aðstæður sem eru. Við sumar aðstæður eru notaðir bílkrantar.

Túnþökuvinnslan notar stóra krana sem ná langt inn á og oftast yfir svæðið sem unnið er á. Rúllupökur Túnþökuvinnsl-



unnar þarf aldrei að hæla niður, þær fara ekki af stað. Í hljóðmönnum er jarðvegurinn harður og dauður og sáningar ganga illa. Þökurúllur afgreiða málið strax.

Á íþróttavelli og fleiri lárétt svæði notum við sérsníðan traktor á 60 cm breiðum dekkjum flötum. Traktorinn er með sérsníðari kló sem húkkast í rúllurnar, síðan er þetta dregið út. Þetta skilar feikilega sléttri og falgri áferð á yfirborð vallanna. Einnig erum við með nokkrar mismunandi gerðir af búnaði til að slétta undir torfið og blanda í yfirborðið sem að kaupandinn óskar eftir og talin eru þurfa. Við tökum við fótboltavöllum hefluðum og hæðarsettum. Við finsléttum hjólför og annað þess háttar. Túnþökuvinnslan lagði torf t.d. á báða Leiknisvellina, Breiðabliks og HK vellina. Fyrsta verk sem gert var með þökurúllum á Íslandi var þegar Túnþökuvinnslan endurnýjaði aðal slitfletina á Laugardalsvellingnum 1993 og eftir það fjölda annarra íþróttavalla.

## 2

## HVÍTSMÁRATORF

**Lýsing:** Ríkjandi grasgerð í hvítsmáratorfinu er smágerður túnvingull. Grastegundin er frekar þurrkþolin og með minni áburðarþörf heldur en önnur grös. Ræktuð á sendnum jarðvegi ætlað svæðum þar sem menn vilja bera lítið eða ekkert á. Grasið verður ekki eins dökk grænt og vallarsveifgrasið en hefur allt aðra eiginleika.

Fullvaxið verður grasið 20-30 sm, en það ræðst af því hvort sé borið á það eða ekki. Hvítsmári kemur jafnvægi á næringarbúskapinn í jarðveginum.

Hvítsmáratorfið er ræktað fyrir aðrar þarfir en garðagrasið. Hvítsmáratorf hentar á brekkur og hljóðmanir eða svæði sem eru millistig milli náttúrulegs svæðis og ræktaðs. Ef fólk horfir á hljóðmanir í þurrkatíð

þá er hvítsmárinn það eina sem er grænt. Þessi þökugerð hentar ekki á grasflöt með miklu álagi og umgangi. Hvítsmárinn þolir ekki mikið traðk, en myndi hann þola venjulega umgengni.



**Sláttupörf:** Ef grasflötin er látin vera óslegin þá blómstrar hvítsmárinn yfirleitt í júlí og er í blóma 3-4 vikur. Að lokinni blómstrun þá þarf að slá flötina og hreinsa af henni. Sé það gert þá blómstrar smárinn aftur í lok ágúst og stendur í blóma eitthvað fram eftir september. Hvítsmárinn ilmar einstaklega vel. Ef slá á flötina eins og hefðbundna grasflöt þá ætti að stilla sláttuvélina í efstu stillingu ekki lægra en 6-7 sm. Slá á 2-3 vikna fresti á þann hátt myndi hvítsmárinn ná að blómstra allnokkuð.

## 3

## GARÐAGRAS

**Lýsing:** Garðagrasið er uppbyggt á svipaðann hátt og vallargrasið. Í garðagrasinu eru vallarsveifgrös ríkjandi ásamt smágerðum túnvinguli. Vallarsveifgrösin í garðagrasinu eru það sem að allt snýst um, ef það kemur eitthvað fyrir grasið þá loka þau sárunum og þá gróa þau saman og gera við sig sjálf. Einkennandi eiginleiki þessarar grastegundar er að hún fjölgar sér með jarðreglum sem leita í ljósið og búa til nýja einstaklinga. Einnig eru þessi grös einstaklega mjúk viðkomu og gott að ganga berfættur á þeim eða liggja í sólbaði. Þessa grastegund vantar oftast í þökur. Garðagrasið hefur dökkgræna og fínlega áferð.

Garðagrasið er sérhannað fyrir hefðbundnar grasflatir við íbúðahús, sumar-bústaði og stofnanir og fyriritækjalóðir. Garðagrasið hefur ekki alveg sama slitþol og vallargrasið þar sem grösín eru öll smærri og fíngerðari. Þetta er engu að síður næst sterkasta grasblandan okkar hvað varðar slitþol. Garðagrasið gefur fíngerða og fallega áferð á grasflötina. Vex minna heldur en vallargrasið og er sérhannað fyrir fallega heimagrassflöt. Viðhald garðagrassanna felst í hæfilegri áburðargjöf sem gefin er í litlum skömmtum með jafnri dreifingu 3-4 sinnum yfir sumarið á þann hátt hlst dökkgrænn litur á grasflötinni allfaf. Vallarsveifgrösin lifa og dafna vel. Þau verja sig vel gegn mosa og öðru illgresi. Í hefðbundnum túnpökum eru alltaf miklu gerófari grös oftast voru þær notaðar til fóðurræktunar og túnin orðin gömul þegar torfið er skorið. Varast skyldi að kaupa túnpökur af gömlum túnum. Ræktunin á ekki að vera meira en 3-4 ára.

**Sláttupörf:** Vikulegur á aðalvaxtartímanum fer eftir áburðamagni. Grasflötina má slá niður í 3-5sm. Æskilegt er að láta grasið ekki vaxa meira en það að slegið sé 1/3 af blaðinu.

# 4

## SKUGGAGRAS

**Lýsing:** Í þetta torf eru valdar sérlega skuggþolnar grassortir, sem eru auk þess áferðafallegar og fíngerðar. Rannsóknir hafa sýnt að grösin sem þola skuggann best eru smágerður tívíngull, língresi og grófari gerðir af vallarsveifgrösum. Litur torfsins er dökkgrænn grænna verður gras varla. Smárúllur og stórar rúllur eru skornar af sérræktuðum ökrum.

**Notkun:** Þetta torf hentar á skuggsælar lóðir þar sem sólar nýtur ekki nema part úr degi, þar sem áhersla er lögð á gróskumikinn gróður og góða umhirðu.

**Sláttupörf:** Best er að slá skuggagras sem næst vikulega í 4-5 sm sláttuhæð. Aldrei skal slá meir en 1/3 af heildarhæð grassins í einu.



# 5

## VALLARGRAS

**Lýsing:** Þökur eða rúllur eru skornar af sérræktuðum ökrum, þar sem að vallarsveifgrösín eru einkennandi ásamt túnvingul. Sérvaldar eru grassortir sem að henta okkar aðstæðum og verða plönturnar því áferðafallegar, kröftugar og fínlegar með dökkgrænu yfirbragði. Þessi grasblanda þolir mikið álag og myndar sterkan grassvörð, allt gert til að skila hámarksendingu grasa á velli-num.

Vallargrös eru ræktað á fíngerðum sandmoldarjarðvegi sem loftar hæfilega um heilbrigt og sterkt rôtarkerfi plantnanna. Þessi þökugerð hentar vel í garða, skrudgarða og á skólalóðir eða á grassvæði sem eru undir miklu álagi og þar sem vilji er fyrir þéttum og glæsilegum grassverði eins og á knattspyrnuvelli. Þegar að við afhendum þessa nýjung okkar þá er grasið í góðu ástandi og laust við allan mosa. Það er slegið í 3-5 sm sláttuhæð og lítur út eins og vel hirt grasflöt þegar búið er að leggja torfið.

**Sláttupörf:** Boltasvæði þarf að slá oft og jafnvel á 5 -7daga fresti.



## 6

## VALLARGRASÞÖKUR

**Lýsing:** Þökur eða rúllur eru skornar af sérræktuðum ökrum, þar sem að vallarsveifgrösín eru einkennandi ásamt túnvingul. Sérvaldar eru grassortir sem að henta okkar aðstæðum og verða plönturnar því áferðafallegar, kröftugar og fínlegar með dökkgrænu yfirbragði. Þessi grasblanda þolir mikið álag og myndar sterkan grassvörð, allt gert til að skila hámarksendingu grasa á vellinum.

Vallargrös eru ræktað á fíngerðum sandmoldarjarðvegi sem loftar hæfilega um heilbrigt og sterkt rôtarkerfi plantnanna. Þessi þökugerð hentar vel í garða, skrudgarða og á skólalóðir eða á



grassvæði sem eru undir miklu álagi og þar sem vilji er fyrir þéttum og glæsilegum grassverði eins og á knattspyrnuvelli. Þegar að við afhendum þessa nýjung okkar þá er grasið í góðu ástandi og laust við allan mosa.

**Sláttupörf:** Boltasvæði þarf að slá oft og jafnvel á 5 -7daga fresti. Það er slegið í 3-5 sm sláttuhæð og lítur út eins og vel hirt grasflöt þegar búið er að leggja torfið.

## 7

## LYNGPÖKUR

**Lýsing:** Lyngpökur eru skornar af lyngmóa. Gróður þeirra samanstendur af venju-  
legum íslenskum lyngmóagróðri s.s. ýmsum mosategundum, smávöxnum grastegun-  
dum og stökum blómgróðri eins og t.d. Blóðbergi, Ljónslappa og Hvítmöðru auk  
Krækilyngs, Beitilyngs og oftast Bláberjalyngs. En gróður lyngpöknanna getur verið  
mjög mismunandi eftir því hvar þær er að fá í það og það skiptið. En eitt eiga þær þó  
sameiginlegt: Það er það, að ef tryggja á bestan árangur þarf að huga vel að tímaset-  
ningu. Oftast lukkast að flytja lyngpökur  
snemma á vorin (apríl-maí) eða seint á  
haustin (sept-okt). Yfir hásumarið (jún-ág) er  
rótavirkni gróðursins í lágmarki en yfirvöxtur,  
blómgun og fræmyndun í hámarki. Þess  
vegna er meiri hættu á að þökurnar þorni  
upp og skrælni ef þær eru lagðar um hásu-  
marið. Á haustin, hinsvegar, er rötastarfsemin í hámarki og því mestar líkur á að þökur-  
nar „taki sig“ og aðlagist nýju umhverfi. Snemma vors eru þær í “hlutlausum gír“.



**Notkun:** Lyngpökur henta ekki í garða þar sem líklegt er að umgangur verði mikill –  
en geta komið sér vel þar sem þær eiga við s.s. á rask við sumarbústaðalönd og  
umhverfismannvirki þar sem færa þarf gróðurþekju til upprunalegs horfs. Einnig er  
hugsanlegt að nota lyngpökur sem yfirborð á flötum húspökum. Lyngpökur þarf að  
skera þykkari en aðrar þökur og þær eru nokkuð ómeðfærilegri. Það útskýrir einnig  
að þær eru dýrari í aðföngum. Lyngpökur þarf ávallt að leggja á magran, sand-  
blandaðan holtajarðveg eða hreinan sand. Nauðsynlegt er að vökva þær viðstöðu-  
laust alla daga þar til þær hafa náð að róta sig vel ofan í undirlagið.

**Sláttupörf:** Engin.

## 8

## ÚTHAGAPÖKUR

**Lýsing:** Úthagapökur eru skornar af sjálfgrónu vallendi og innihalda einungis íslensk grös og blómplöntur. Þær henta alls staðar þar sem áhersla er lögð á náttúrulegan frágang sem ekki kallar á viðhald eftir að þær hafa náð rótfestu. Megin grastegundirnar eru íslenskur lilmreyr, Túnvingull og Blávingull, Hálíngresi og Týtulíngresi. Íslenskur blómgróður svo sem Blóðberg, Möðrur og Murur fylgir oftast með.



**Notkun:** Henta t.d. við sumarbústaði og í fólkvöngum sem og hvarvetna þar sem koma þarf umhverfiskröfur vegna mannvirkjagerðar aftur í upprunalegt horf. Úthagapökur þarf að leggja á sand og þær hafa enga þörf fyrir áburð – þótt auðvitað megi skerpa á þeim með léttari áburðargjöf (um 1g/fm) snemma vors. Úthagapökur henta mun betur á grasþök húsa en venjulegar gras- eða túnþökur vegna þess að grastegundirnar í úthagapökunum eru miklu þurrkþolnari og gera minni kröfur um næringu.

**Sláttuþörf:** Engin – en ef vill má slá einu sinni seinni part sumars.